

skattayfirvöldum bæjarins það vitanlegt, að hann flytti lögheimili sitt héðan, enda þótt honum sem fyrrverandi skattstjóra í Reykjavík hafi hlotið að vera það ljóst, að slíkt var nauðsynlegt til þess að losna við útsvarsálagningu hér. Þá er það upplýst, að nafn umbjóðanda stefnanda stendur á kjörskrá þeirri, er gildi hér til 30. júní f. á.

Loks verður ekki á það fallist hjá stefnanda, að heimilisfang hér á landi sé ósamrýmanlegt stöðu umbjóðanda hans á Spáni, enda þótt það sé að sjálfsögðu nauðsynlegt að hann dvelji þar meginhluta árs.

Eftir því, sem fyrir liggur, verður því ekki talið sann- að gegn mótmælum stefnds, að umbjóðandi stefnanda hafi verið búinn að slíta löglega heimilisfesti sinni hér í bænum er umrætt útsvar fyrir 1932 var á hann lagt, enda bendir sú staðreynd, að hann greiðir útsvarið, að því er séð verður athugasemdalaust, til hins gagnstæða, og verður þá að ganga út frá því, að útsvarið sé löglega á hann lagt og hann útsvarsskyldur eftir útsvarslögunum og ber því að sýkna stefndan af kröfu stefnanda um endurgreiðslu þess, en eftir öllum atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 17. jan. 1936.

Nr. 101/1935. **H/f Rán og Útvegsbanki Íslands h/f**
(Th. B. Lindal)
gegn

Sænsk-íslenzka frystihúsinu h/f og
h/f Höfrungi (Lárus Jóhannesson).

Sjóveð dæmt fyrir úttektarkröfu.

Dómur sjóréttar Hafnarfjarðar 22. júlí 1935: Stefnda, h/f. Höfrungur, greiði stefnandanum, Lárusi Jóhannessyni, f. h. Sænsk-ísl. frystihússins, kr. 1007.50 auk 5% ársvaxta frá 1. okt. 1934 til greiðsludags og í málskostnað kr. 195.00 og skal stefnda h/f. Rán þola sjóveðsrétt í b/v. Rán G. K. 507 fyrir hinni tildæmdu upphæð.

Dómi þessum skal fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með dómi sjóréttar Hafnarfjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 22. júlí f. á., var stefnda h/f Höfrungur dæmt til að greiða stefnda Sænsk-íslenzka frystihúsinu, kr. 1007.50 auk 5% ársvaxta frá 1. okt. 1934 til greiðsludags og 195 kr. í málskostnað, og var dómhafa jafnframt dæmdur sjóveðréttur í b/v Rán, G. K. 507, eign áfrýjanda h/f Rán, fyrir hinum dæmdu upphæðum. Fyrir sjóréttinum gekk með-áfrýjandi, Útvegsbanki Íslands h/f, inn í málið og mótmælti því, að sjóveðréttur yrði dæmdur.

Nú hafa áfrýjendur skotið dómi þessum til hæstaréttar og krafizt þess, að honum verði hrundið og breytt þannig, að sjóveðrétturinn í b/v Rán verði felldur niður og að stefnda Sænsk-íslenzka frystihúsið h/f verði dæmt til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti. Jafnframt hafa þeir stefnt stefnda h/f Höfrungi til þess að gæta réttar síns, án þess að gera nokkrar kröfur á hendur því.

Stefnt Sænsk-íslenzka frystihúsið h/f. hefir, hér fyrir rétti, krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, að því leyti sem honum hefir verið áfrýjað, og að áfrýjendur verði dæmdir til þess að greiða því málskostnað fyrir hæstarétti in solidum. Stefnt h/f Höfrungur hefir og látið mæta hér fyrir rétti, en engar kröfur gert.

Þar eð fallast má á forsendur hins áfrýjaða dóms, að því er sjóveðsákvæði hans varðar, en það kemur hér eitt til álita, ber að staðfesta hann að því leyti. Er þá og rétt samkvæmt þeirri niðurstöðu, að áfrýjendur greiði stefnda Sænsk-íslenzka

frystihúsinu h/f, málskostnað fyrir hæstarétti, in solidum, og þykir hann hæfilega ákveðinn 250 kr.

Því dæmist rétt vera :

Hinum áfrýjaða sjóréttardómi skal vera ó-raskað. Áfrýjendur, h/f Rán og Útvegsbanki Íslands h/f, greiði in solidum stefnda, Sænsk-íslenzka frystihúsinu h/f, 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo :

Mál þetta er höfðað fyrir sjórétti Hafnarfjarðar af Lárusi Jóhannessyni f. h. Sænsk-ísl. frystihússins gegn h/f Höfrungur og h/f Rán, með stefnu birtri 9. maí 1935.

Stefnandi gerir þær kröfur, að h/f Höfrungur verði dæmdur til að greiða sér kr. 1077.50 auk 5% ársvaxta frá 1. okt. 1934 til greiðsludags fyrir ísúttekt b/v Rán G. K. 507, samkvæmt framlögðum reikningi, svo og málskostnað að skaðlausu.

Ennfremur gerir stefnandi þá kröfu á hendur h/f Rán sem er núverandi eigandi b/v Rán G. K. 507, að það verði með dómi skyldað til að þola sjóveðsrétt í nefndu skipi fyrir hinni tildæmdu upphæð.

Af hálfu hins stefnda hlutafélags Höfrungur hefir enginn mætt í málinu og er því þó löglega stefnt. Verður því, að því er nefnt hlutafélag snertir, að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, samkv. N—L. 1—4—32 sbr. ts. 3. júní 1796 gr. 2 og ts. 15. ágúst 1832 gr. 8. Þar sem stefnandi hefir lagt fram reikning yfir áðurgreinda ísúttekt, sem kemur heim við stefnukröfu hans og reikningurinn auk þess er samþykktur af skipstjóra skipsins, sem isinn fékk, verða kröfur hans á hendur stefndum h/f Höfrungi teknar til greina að öllu leyti.

Af hálfu hins stefnda h/f Rán hefir heldur enginn mætt enda þótt því sé löglega stefnt. En Útvegsbanki Íslands h/f hefir látið mæta sem intervenient, sem hagsmuna hefir að gæta í málinu, þar eð b/v Rán, sem krafist er sjóveðsréttar í, fyrir hinni umstefndu kröfu, var fyrir milligöngu bankans seldur h/f Rán, og ábyrgðist bankinn kaupanda, að engar sjóveðskröfur hvíldu á skipinu þá er sala fór fram í febrúarmánuði s. l., en hin umstefnda krafa er frá 11. sept. 1934.

Kröfu sína um viðurkenningu sjóveðsréttarins byggir stefnandi á því, að stefnu-krafan stafar af úttekt á ís, sem b/v Rán, sem skrásettur er í Hafnarfirði, fékk hjá stefnanda í Reykjavík, samkvæmt beiðni skipstjóra skipsins, og er það vottað á reikninginn með undirskrift skipstjóra.

Kröfu stefnanda um viðurkenningu sjóveðréttarins hefir af hálfu Útvegsbankans verið mótmælt af eftirfarandi ástæðum:

1. Að framkvæmdarstjóri félagsins, hr. Þorvarður Þorvarðarson hafi samið um umrædd ískaup til b/v Rán og er lagt fram vottorð framkvæmdarstjórans þar að lútandi. Hafi því stefnandi aðeins öðlast kröfu á félagið, en ekki sjóveðrétt í skipinu.

2. Enda þótt framkvæmdarstjóri félagsins hefði ekki samið um kaup á ísnum, heldur skipstjóri skipsins, þá hefði sjóveðréttur ekki stofnast í skipinu, vegna þess að framkvæmdarstjóri var búsettur á staðnum þar sem úttektin fór fram. Hafi skipstjóri því ekki haft umboð samkvæmt stöðu sinni til að semja um kaupin, enda hafi stefnanda verið kunnugt um, að framkvæmdarstjóri var búsettur á staðnum.

3. Að úttektin á ísnum verði ekki skoðuð sem nauðsynleg til framkvæmdar ferðar skipsins. Ferð skipsins sé ekki hafin fyrr en skipið er að fullu tilbúið til veiða, þ. e. eftir að skipið er búið að fá isinn.

Kemur þá til athugunar að meta mótrök þessi:

1. Því er mótmælt í málinu, að framkvæmdarstjóri, h/f Höfrungur hafi samið um kaupin og er það ósannað. Verður sú ástæða því ekki tekin til greina.

2. Það er in confesso í málinu, að framkvæmdarstjóri félagsins var búsettur í Reykjavík, og að stefnanda var kunnugt um það.

Hinsvegar getur rétturinn ekki litið svo á, að það útiloki stofnun sjóveðsréttar þótt framkvæmdarstjóri útgerðarfélagsins væri búsettur í Reykjavík. 53. gr. sgll. sbr. 236. gr. 4. lið sömu laga, virðist taka af öll tvímæli um það: „Þá er skip er utan heimilis síns, gerir skipstjóri svo fullgilt sé gagnvart öðrum mönnum, samkvæmt stöðu sinni í umboði útgerðarmanns, alla þá löggerninga, sem snerta framkvæmd ferðar hans —“ o. s. frv. Reglan er orðuð sem algild og byggist á því, sem venjulegt er, að útgerðarmaður búi á sama stað og lögheimili skips er.

Hins vegar gera lögin enga undantekningu um þetta þótt svo vilji til, að útgerðarmaður sé búsettur annarsstaðar en á skráningarstað skips, og skipstjóri geri löggerninga þar sem útgerðarmaður er búsettur. Vantar því alla heimild til að víkja frá aðalreglunni, enda þótt hún í þessu tilfelli gangi lengra en tilgangur hennar nær.

3. Rétturinn lítur svo á, að ferð skipsins sé hafin þegar það leggur af stað frá heimili sínu og is-kaupin hafi verið nauðsynleg til framhalds ferðarinnar, þykja því mótmæli, er byggjast á hinu gagnstæða ekki á rökum reist.

Samkvæmt framansögðu verður að viðurkenna, að stefnandi hafi sjóveðsrétt fyrir kröfu sinni í b/v Rán G. K. 507.

Mánudaginn 20. janúar 1936.

Nr. 95/1935. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)

gegn

Einari Pálma Einarssyni.

(Garðar Þorsteinsson).

Ölvun á almannafæri.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 4. ágúst 1935: Kærður, Einar Pálmi Einarsson, greiði 200 króna sekt til Menn-ingarsjóðs.

Sektin greiðist innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 18 daga.